

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 596/2014 um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

1. gr.

a-liður 1. tölul. reglnanna verður svohljóðandi:

Greiðslukrafa vegna skrásetningargjalds birtist í netbanka umsækjanda þegar umsókn hefur verið samþykkt. Eindagi skrásetningargjalds er 5. ágúst bæði fyrir nýnema og eldri nema og lýkur skrásetningartímabili 10 dögum síðar, eða 15. ágúst. Með greiðslu skrásetningargjalds staðfestir umsækjandi skólavist við Háskólann á Akureyri. Óski viðkomandi eftir að greiða eftir eindaga reiknast 15% álag á gjaldið og hafi það ekki verið greitt 15. ágúst er litið svo á að viðkomandi hyggist ekki stunda nám við HA á komandi skólaári.

Nemandi sem fengið hefur heimild til að hefja nám á vormisseri þarf að greiða 55.000 kr. fyrir 10. desember.

Við d-lið 1. tölul. bætist:

Ef nemandi getur ekki stundað námið vegna veikinda getur hann fengið 75% gjaldsins endurgreitt gegn framvísun læknisvottorðs fram til 5. nóvember.

e-liður 1. tölul. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. reglnanna:

a-liður 2. tölul. reglnanna breytist svo:

- a. Í stað tölunnar „4.000“ í 4. mgr. um lánþegaskírteini kemur: 4.200.
- b. Í stað tölunnar „2.000“ í 5. mgr. um lánþegaskírteini kemur: 2.200.
- c. Í stað „20“ í 1. mgr. um dagsektir kemur: 50.
- d. Í stað „70“ í 2. mgr. um dagsektir kemur: 100.
- e. Í stað „5.000“ í 3. mgr. um dagsektir kemur: 8.000.
- f. Í stað tölunnar „1.000“ í 1. mgr. um millisafnalán kemur: 1.500.
- g. Í stað tölunnar „2.000“ í 2. mgr. um millisafnalán kemur: 2.500.
- h. Í stað tölunnar „3.000“ í 3. mgr. um millisafnalán kemur: 3.800.
- i. Í stað tölunnar „1.000“ í 4. mgr. um millisafnalán kemur: 1.500.
- j. Í stað tölunnar „2.000“ í 5. mgr. um millisafnalán kemur: 2.500.
- k. 6.-7. mgr. b-liðar, falla brott.

l. Í stað tölunnar „5.000“ í 1. mgr. um gjald fyrir rit sem glatast kemur: 8.000.

Stjórnumerkur liður undir „ljósritun og prentun“* hljóðar svo:

* ef starfsmenn prenta og ljósrita fyrir viðkomandi er bætt við 10 kr. á hverja síðu.

b-liður 2. tölul. reglnanna breytist svo:

- a. Heiti b-liðar 2. tölul. verður: Þjónustuborð nemendaskrár.
- b. 3. mgr. b-liðar um ljósritun fellur brott í heild.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði 19. desember 2018, eru settar með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. einnig 30. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 19. desember 2018.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.